



Efnahags- og viðskiptanefnd

sent í umsagnagátt

Reykjavík 2. maí 2024

Efni: Frumvarpi til laga um ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka, 920. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 18. apríl sl. þar sem umsagnar samtakanna um ofangreint frumvarp var óskað. Drög að frumvarpinu voru kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hinn 22. febrúar 2024, mál nr. S-51/2024, og skiluðu samtökin af því tilefni inn umsögn um drögin dags. 7. mars sl. Samtökin vísa til fyrri umsagnar frá 7. mars sl. og fylgir hún með umsögn þessari til fyllingar.

Frumvarpið mælir fyrir um heimild ráðherra til að ráðstafa að hluta eða öllu leyti eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. að fenginni heimild í fjárlögum, með opnu útboði til allra fjárfesta. Samtökin fagna boðaðri sölu á eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka og telja markmið frumvarpsins um að draga úr fjárhagslegri áhættu ríkissjóðs og lækkun skuldahlutfalls ríkissjóðs eftirsóknarverð. Þá taka samtökin undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpi til laganna.

Sala eignarhlutarins dregur úr lánsfjárbörf ríkissjóðs og taka samtökin undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerðinni að það feli í sér skynsamlega ráðstöfun á fjármunum ríkissjóðs að selja eignarhlutinn og ráðstafa endurgjaldinu til niðurgreiðslu skulda. Að gefnu tilefni er rétt að áréttu að söluverðið tekur mið af væntum afrakstri úr framtíðarrekkstri, þ.e.a.s. líkleg framtíðar arðgreiðslugeta er grunnurinn að verðlagningu eignarhlutarins. Í því samhengi þarf jafnframt að taka tillit til þeirrar áhættu sem í eignarhaldi á hlutnum felst. Áhættan byggir á þeirri óvissu sem ríkir um framtíðarafkomu bankans auk þess sem mikil óvissa ríkir um rekstrarmódel viðskiptabanka almennt sökum örra tækniframfara.

Eins og samtökin hafa áður bent á er mikilvægt að almennur stuðningur ríki við framkvæmd útboðs ríkiseigna, að skilningur sé á því hvers vegna farið sé í slíka vegferð og með hvaða hætti. Þrátt fyrir að seinasta útboð hafi verið afar farsælt á fjárhagslegan mælikvarða vega sjónarmið um jafnræði og gagnsæi þungt þegar kemur að sölu eigna í eigu almennings. Ætla má að með markaðssettu útboði kunni að fást minna fyrir hluti ríkisins samanborið við síðasta útboð en að slíkt fyrirkomulag kunni engu að síður að skapa meiri sátt á grundvelli sjónarmiða um gagnsæi og jafnræði.

Samtökin vísa að öðru leyti til fyrri minnisblaða sinna og umsagna og þeirra athugasemda sem þar koma fram.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík 7. mars 2024

Efni: Drög að frumvarpi til laga um ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka, mál S-51/2024

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) fagna áformum um sölu ríkisins á eignarhlut sínum í Íslandsbanka með markaðssettu útboði en drög að frumvarpi þess efnis voru kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hinn 22. febrúar 2024, mál nr. S-51/2024. Frumvarpsdrögin mæla fyrir um heimild ráðherra til að ráðstafa að hluta eða öllu leyti eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“), að fenginni heimild í fjárlögum, með opnu útboði til allra fjárfesta.

Mál þetta á sér nokkurn aðdraganda og tóku samtökin m.a. saman minnisblað dags. 13. janúar 2021 um tillögu Bankasýslu ríkisins um að hefja söluferli á hluta af eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka. Samandregið töldu samtökin tímasetningu sölunnar ákjósanlega enda hefðu fjármálamarkaðir staðið af sér versta storminn vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, opinbert eignarhald bankakerfis væri með því mesta sem þekkist og verulegir fjármunir væru bundnir í rekstri fjármálafyrirtækja sem unnt væri að nýta til að draga úr skuldsetningu ríkissjóðs og lækka þar með vaxtagjöld verulega. Að auki þótti salan heppileg út frá samkeppnissjónarmiðum enda ekki ákjósanlegt að sami eigandi væri að tveimur af þremur stærstu viðskiptabönkum hagkerfisins, sbr. nánar fyrrgreint minnisblað samtakanna.

Samtök atvinnulífsins fögnuðu jafnframt tillögu Bankasýslu ríkisins um áframhaldandi söluferli á hlutum ríkisins í Íslandsbanka hf. í grein sem birtist á vefsíðu samtakanna 24. febrúar 2022.¹ Töldu samtökin markmið yfirvalda með sölunni eftirsóknarverð og stuðla að því að efla samkeppni á fjármálamarkaði. Frumútboð á hluta eignar ríkisins í Íslandsbanka hefði gengið vel og verðmæti eftirstandandi eignarhluta hefði aukist verulega auk þess sem efnahagsaðstæður hefðu batnað verulega.

Sem fyrr fagna samtökin boðaðri sölu á eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka og telja markmið frumvarpsins um að draga úr fjárhagslegri áhættu ríkissjóðs og lækkun skuldahlutfalls ríkissjóðs eftirsóknarverð. Þá taka samtökin undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpi til laganna

Sala eignarhlutarins mun draga úr lánsfjárpörf

Jarðhræringar og eldsumbrot á Reykjanesskaga hafa haft mikil áhrif á stöðu ríkissjóðs. Frumvarp að lögum um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík var samþykkt á Alþingi hinn 23. febrúar sl. auk þess sem ýmsar aðrar aðgerðir til stuðnings íbúum og fyrirtækjum hafa verið samþykktar á Alþingi. Líkt og rakið er í frumvarpi til laga um kaup á íbúðarhúsnæði kann heildarkostnaður við þau kaup sem þar eru heimiluð að nema allt að 61 milljarði króna en að frádregnum fasteignalánnum sem breytt verður í sambankalán til eignarhaldsfélags þess sem kaupa mun eignirnar standa eftir um 38 milljarðar kr., eða um 0,9% af vergri landsframleiðslu,

¹ <https://www.sa.is/frettatengt/frettir/samtok-atvinnulifsins-fagna-fyrirhuga%C3%B0ri-solu-rikisins>



sem falla með beinum eða óbeinum hætti á ríkissjóð. Aðhald ríkisfjármála verður því um 38 milljörðum kr. (0,9% af VLF) minna en gert var ráð fyrir samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2024.

Vegna þessa áfalls er fyrirséð að lánsfjárförf ríkissjóðs hefur aukist frá því sem áður var talið. Eigi ekki að fjármagna stuðningsaðgerðir yfirvalda með aukinni forgangsroðun í rekstri má ætla að koma þurfi til aukinnar lántöku með tilheyrandi vaxtakostnaði. Vaxtagjöld ríkissjóðs hafa þegar farið ört vaxandi í kjölfar heimsfaraldurs og hækkandi vaxtastigs. Því er mikilvægt að draga úr þessum kostnaði með öllum tiltækum ráðum. Sala eignarhlutar ríkissjóðs í Íslandsbanka myndi m.a. þjóna þessu markmiði.

Sala eignarhluta heppileg og skynsamleg ráðstöfun á fjármunum.

Markaðsvirði Íslandsbanka er um 214 milljarða króna og nemur markaðsvirði eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka (42,5% eignarhlutur) því um 91,3 milljarði króna. Samtökin telja rétt að áréttu að ávöxtun í fortíð gefur takmarkaða vísbendingu um árangur í framtíð. Þannig veita arðgreiðslur í fortíð takmarkaða vísbendingu um framtíðar arðgreiðslumöguleika Íslandsbanka auk þess sem því virði sem fæst úr rekstri bankans í framtíð er ekki fórnað við sölu á eignarhlutnum heldur er væntur afrakstur úr framtíðarrekstri, þ.e.a.s. líkleg framtíðar arðgreiðslugeta, grunnurinn að verðlagningu eignarhlutarins. Í því samhengi þarf jafnframt að taka tillit til þeirrar áhættu sem í eignarhaldi á hlutnum felst. Áhættan byggir á þeirri óvissu sem ríkir um framtíðarafkomu bankans auk þess sem mikil óvissa ríkir um rekstrarmodel viðskiptabanka almennt sökum örra tækniframfara.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerðinni og telja að það sé skynsamleg ráðstöfun á fjármunum ríkissjóðs að selja eignarhlutinn og ráðstafa endurgjaldinu til niðurgreiðslu skulda. Með sölnunni má draga úr þeirri áhættu sem eignarhaldi ríkissjóðs á tveimur af þremur viðskiptabönkum landsins fylgir og jafnframt draga verulega úr skuldum og skuldabyrði ríkissjóðs.

Í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram að vinna við útfærslu nýs heildstæðs fyrirkomulags varðandi utanumhald eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og öðrum félögum standi nú yfir. Janframt kemur fram að lög um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum skuli falla brott en þau lög taka til fleiri fjármálafyrirtækja og sömuleiðis er lagt til að hlutverk Bankasýslu ríkisins við sölu eignarhluta, samkvæmt lögum um stofnunina, falli brott. Þar með verða ekki til staðar lög um heimildir til sölu á hlut ríkisins í öðrum fjármálafyrirtækjum verði frumvarpið að lögum. Samtökin telja að öll sömu sjónarmið og rakin eru hér að framan, sem og í áður nefndu minnisblaði, eigi við um eignarhluti ríkissjóðs í öðrum fjármálafyrirtækjum. Samtökin leggja því áherslu á að við endurskoðun fyrirkomulags um utanumhald eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og öðrum félögum verði það haft að leiðarljósi að draga úr eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Fyrirkomulag sölu með markaðsettu útboði

Samtökin telja jákvætt að mælt sé fyrir um fyrirkomulag sölu eignarhlutar ríkisins í frumvarpi til laganna í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram kom í kjölfar seinasta útboðs. Eins og samtökin bentu á í ofangreindu minnisblaði frá 22. febrúar 2022 er mikilvægt að almennur stuðningur ríki við framkvæmd útboðs ríkiseigna, að skilningur sé á því hvers vegna farið sé í slíka vegferð og með hvaða hætti. Þrátt fyrir að seinasta útboð hafi verið afar farsælt á fjárhagslegan




mælikvarða vega sjónarmið um jafnræði og gagnsæi þungt þegar kemur að sölu eigna í eigu almennings. Samtökin telja það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í lögnum, þ.e. með opnu útboði til allra fjárfesta, vel til þess fallið að tryggja jafnræði og gagnsæi.

Samtökin vísa að öðru leyti til fyrri minnisblaða sinna og þeirra athugasemda sem þar koma fram að breyttu breytanda.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Anna Hrefna Ingimundardóttir,
aðstoðarframkvæmdastjóri og
forstöðumaður efnahagssviðs



Sigurður Helgason,
lögmaður á málefnasviði